

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. stl. c. 2. gr. samþykktar um hundahald á Suðureyri, nr. 372/1989, skal vera á árinu 1990, kr. 440, fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1990.

Heimilt er að innheimta dráttarvexti af vangoldnum gjöldum.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 5. gr. samþykktar nr. 372/1989 skal vera kr. 2 500 í fyrsta skipti, kr. 5 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skiptið.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með, skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Dögg Pálsdóttir.*

Nr. 71

2. febrúar 1990

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31,  
2. febrúar 1982 með síðari breytingum.**

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 31,35 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Notkunar- og fastagjöld innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja á eins eða tveggja mánaða fresti og annast mælaaflestur.

Breyting þessi á gjaldskránni var samin og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja og staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna nr. 93/1947 og vatnalögum nr. 15/1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1990.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þórhildur Líndal.*